

# VESTFJARÐATÍÐINDI

## UPP MEÐ VESTFIRÐI



I. TÖLUBLAÐ

MÁLGAGN VESTFIRSKA FORLAGSINS

JÚNÍ 2015

### Hvað sagði Jón Sigurðsson?



Skólaláttar úr Lærða skólanum í Reykjavík fóru eitt sinn í skrúðgöngu að húsinu Glasgow í Reykjavík, þar

sem Jóni Sigurðssyni var haldið samsæti. Hann kom út á tröppurnar, hélt ræðu og mótmaelti þeim ummælum, að hann hefði aldrei þekkt bönd. Að þola stjórn og bönd væri eitt af skilyrðum þess að geta orðið nýtur maður, bönd væru jafn nauðsynleg inn á við sem út á við, jafn nauðsynleg fyrir líf einstakra manna sem þjóða. Frelsið án banda, án takmörkunar, væri ekki frelsi, heldur agaleysi og óstjórn.

H. S.

Í minningu Camillu Sigmundsdóttur:

### Að fara úr skónum

Eitt sinn komu breski sjávarútvegsráðherrann og breski sendiherrann hér á landi í heimsókn til Þingeyrar. Erindi þeirra var að skoða Vélsmiðju Guðmundar J. Sigurðssonar og co hf sem var þekkt fyrirtæki innan breska sjávarútvegsins.

Sagt er að nokkrum dögum fyrir komu hinna bresku fyrimanna hafi verið hringt frá breska sendiráðinu til Camillu Sigmundsdóttur, ekkju Matthíasar Guðmundssonar, til að undirbúa komu þeirra. Milla hafði boðið til hádegisverðar í Estívu húsi, þar sem margir, bæði háir og lágir, hafa not-

id hinnar þekktu Þingeyrargestrisni í gegnum tíðina. Milla spurði þann sem hringdi hvort þeir ætluðu að fara fyrst í smiðjuna eða til sín. Þeir ætluðu fyrst að skoða smiðjuna var svarið.

„Þið farið þá úr skónum þegar þið komið til mín“, svaraði húsfreyjan. „Ég kæri mig ekkert um að fá smiðjuskítinn inn um öll gólf hjá mér.“ Tekið skal fram að nýtt gólfteppi var á stofugólfinu.

Þegar skoðunarferð lauk í smiðjuna, var haldið heim til hinnar dýrfirsku húsfreyju og ráðherrann og fylgdarlið hans fóru úr skónum á tröppum Estívu hússins eins og hlýðnir drengir og nutu góðra veitinga.

H. S.

Á vettvangi dagsins:

### Hver á óveiddan fiskinn í sjónum?

Rússneska byltingin hefði aldrei orðið ef aðallinn hefði gefið tommu eftir. Alþýðan fengið nokkrum brauðhleifum meira til að drepast ekki úr hungri. En græðgin réði sem fyrr og síðar. Aðallinn þekkti ekki sinn vitjunartíma. Hafði hræðilegar afleiðingar fyrir alla heimsbyggðina.

Stefán Jónsson fréttamaður segir frá ýmsum karakterum á Djúpavogi í

uppvexti sínu í bókinni Að breyta fjalli. Einn þeirra var Karl Steingrímsson, alþýðuspekingur mikill. Hann sagði að allt fólkið í landinu ætti fiskimiðin og hlutdeild í aflanum. Allir þeir sem vinna við að ná honum og koma honum í verð. Karl sagði einnig að þegar menn eignuðust of mikið af peningum, þá yrði ágirndin svo mikil, að þeir réðu ekki lengur við hana. Þess vegna yrði að koma í veg fyrir að einstöku menn yrðu of ríkir. En það er nú víst hægara sagt en gert nú til dags.

H. S.

## Stórtíðindi úr Mosdal í Arnarfirði

Nú gerist skammt stórra högga á milli í Mosdal í Arnarfirði. Ekki er nóg með að búið sé að leggja rafstreng sem á að flytja rafmagn frá Mjólkárvirki í dalinn. Heldur höfum við það eftir áreiðanlegum heimildum, eins og þar stendur, að byggja eigi brú á Ósána í sumar. Áin sú rennur á milli bæjanna Óss og Laugabóls. Í miklum leysingum getur hún orðið að skaðræðis fljóti. Er það reyndar ekki

óalgengt með smáar og jafnvel bæjarlæki hér vestra.

Þetta teljum vér til stórra tíðinda. Sú var tíðin, að þáverandi bóndi á Laugabóli, Aðalsteinn heitinn Guðmundsson, kærði sig ekkert um að fá brú á ána. Og þótti með eindæmum í þá daga. Þetta muna þeir sem minnisgóðir eru á gamla tíð. En nú er sem sagt allt að gerast í Mosdal í Arnarfirði.

H. S.

## Prentsmiðja Vestfirðinga og annarra landsmanna

Alhliða prentþjónusta í einum grænum

Bókaprentun  
Kynningarefni  
Fréttabréf

Bréfsefni  
Skýrslur  
Bæklingar

Nafnspjöld  
Reikningar  
Umslög

Leturprent

Dugguvogi 12 : 104 Reykjavík : Sími 533 3600 : leturprent@leturprent.is : www.leturprent.is



## Úr Hrafnholum

Þessar myndir eru teknar með 30 ára millibili. Fyrri myndin, sem Elín Pálmadóttir, blaðamaður á Mbl. tók 1973, sýnir upphaf vegaframkvæmda í Hrafnholum undir Helgafelli í Dýrafirði.

Sú síðari er tekin á sama stað rúmlega 30 árum seinna með höfund vegarins, Elís Kjara, í forgrunni. Engu er líkara á þeirri mynd en vegurinn hafi alltaf verið þarna!



### Fylgt úr hlaði

Vestfirski forlagið hefur áður gefið út Vestfjarðatíðindi. Enn koma slík tíðindi fyrir heimamenn og gesti þeirra. Í þeim er allskonar efni úr ýmsum áttum um Vestfirði. Allt sem tilheyrir

Vestfjörðum og landsins gagni og nauðsynjum á inni í þessu litla blaði. Um framhaldið fer eftir undirtektum.

Ritsstjóri og ábyrgðarmaður Hallgrímur Sveinsson. Útgefandi Vestfirski forlagið Brekku í Dýrafirði. 1. tbl. 2015.



*Vestfirski forlagið*

Upp með Vestfirði!  
Pantanir: 456 8181 - jons@snerpa.is  
www.vestfirski.is

## Reynslan er oft á við margra ára háskólanám!

Menntun er bráðnauðsynleg. Stórkostlegt er hvað margir hafa getað gengið hinn svokallaða menntaveg og orðið þjóðinni til heilla. Þó er það alltof algengt að þeir sem gengið hafa þennan veg eru ekki með á nótunum hvernig þjóðfélagsapparatið virkar. Stundum heyrst að þeir viti ekkert, kunni ekkert og geti ekkert. Því miður er nokkuð til í þessari alhæfingu. Það vantar reynsluna sem oft er á við margra ára háskólanám.

En hvað er menntun? Sá sem hefur gengið í skóla, kannski 20-30 ár, telst

menntamaður. En getur maður ekki öðlast menntun án þess að ganga í hefðbundna skóla? Fiskvinnslukonan, sem unnið hefur í frystihúsi í 20 – 30 ár, er menntuð kona að okkar mati. Starf hennar er mjög sérhæft og erfitt. Hún er sérfræðingur í fiskvinnslu. Auk þess vinnur hún við að skapa beinhardan gjaldeyri. Sama má segja um verkamanninn í frystihúsinu sem búinn er að vinna þar sérhæfð störf í 20-30 ár. Hann er sérfræðingur í fiskvinnslu. Og sjómaðurinn. Er hann ekki sérfræðingur í sjósókn og fiskveiðum og gjaldeyrisskapandi vinnu þó hann hafi kannski aldrei gengið í háskóla? Það hefði maður nú haldið.

H. S.



Heiðurskonan Elín Þorsteinsdóttir, alltaf kölluð Ella nafna, vann í frystihúsi Kaupfélags Dýrafirðinga í áratugi. Svona voru þær nú búnar í þá daga, blessaðar. Var alltaf á lægstu launum eins og aðrir í hennar starfsstétt.



Heiðursmaðurinn Valdimar Sólmundsson, Valdi Sól, vann meðal annars í fiskvinnslu í áratugi eins og Ella nafna. Skóli lífsins var þeirra skóli. Samt skiluðu þau ómældum verðmætum til þjóðfélagsins.

Í minningu Matthíasar

Guðmundssonar:

### „Hérna, prófaðu þessa“

„Matthías var umboðsmaður breskra togara hér á þessum árum og var því oft að snúast í öllu sem mennina vanhagaði um t. d. útvega vistir, koma bréfum í póst og koma mönnum til læknis. Matthías fylgdi oft sjúklingum inn á stofu til læknisins.

Ég man að einu sinni átti

að taka skemmda tönn úr einum sem var kvalinn af tannþínu. Þetta gekk eitt-hvað illa hjá læknum, tóngin skriplaði alltaf á tönninni, sama hvað hann reyndi. Matthías fór þá að skoða aðrar tangir sem voru þarna í skáp, greip eina, rétti læknum og sagði: „Hérna, prófaðu þessa, hún passar áreiðanlega betur.“ Þá náði lækurinn tönninni strax!

Úr viðtali við Kristján Gunnarsson, smiðjudreng frá Hofi. Frá Bjargtöngum að Djúpi, Nýr flokkur, 6. bindi.



*Þorvaldur Thoroddsen:*

## Ekki búið að hirða eina tuggu af heyi á neinum bæ í byrjun september

*Kafla úr nýju bókinni Hornstrandir og Jökulfirðir, 4. bók. Ferðasaga frá Vestfjörðum 1886-1887.*

„Loptslag er alstaðar á Ströndum mjög votviðrasamt, sífeldir þokuúðar og óþerrar, og þó gekk þetta sumar fram úr öllu, sem menn mundu. Heyin skemmast stórkostlega af þessum óþurrkum, fúna og brenna til ösku. Þegar eg fór suður eptir Ströndum í byrjun septembermánaðar, var þar ekki búið að hirða eina tuggu af heyi á neinum bæ, og í sumum vikunum norður frá var sólargangurinn nærri búinn, það er að segja; fjöllin eru svo há og aðkröpp, að sólina sér eigi, þegar hún er komin svo lágt á lopt. Þó að engjar og graslendi séu einkar fögur, t. d. í Furufirði, Barðsvík og Bolungarvík, þá geta menn lítið sem ekkert notað sér þessi gæði vegna fúlviðranna, sem þar ganga árið um kring. Loptslagið var í sumar einstaklega kalt og hráslagalegt; hitamælirinn sté sjaldan yfir 4° Celsius um hádegi; vanalega var hitinn um miðjan dag 2-3°, og kvöld og morgun 0-1°C. Optast lá kolsvört þoka yfir landinu, en samt var húðarigning í byggð og krapaslettingur, þegar dálítið dró upp í fjöllin. Þegar hafís kemur hér að landi, rekur hann vanalega fyrst að Hornströndum, og svo suður með ströndinni inn á Hrutafjörð; við Strandir liggur ísinn líka einna lengst; þegar nokkur hafís til muna kemur að landinu, þá liggur hann við Hornstrandir fram á mitt sumar; til þess að bræða ísinn gengur svo mikið af sólarhitnum, að ekkert verður eptir handa jurtagróðrinum, og þegar ísinn loksins fer, er sumarið nærri búið. Sökum veðurlagsins og annara ókosta eru

atvinnuvegir manna mjög stopulir, og af því leiðir aptur fátækt og framtaksleysi. Búskapurinn allur er á völtum fótum, og jarðirnar liggja til skiptis í eyði; ef einhver bóndinn hættir að búa eða flytur sig burtu, fæst ekki ábúandi aptur svo áratugum skiptir; þó hefir þetta fyrrum verið tíðara en nú.

Á Hornströndum eru nú fleiri jarðir byggðar í einu, en nokkurn tíma hefir áður verið á tveim hinum síðustu öldum, eptir því sem sjá má af jarðabókum og öðrum skjölum. Um Móðuharðindin, á öldinni sem leið, er sagt, að aðeins 4 bæir hafi verið byggðir á Hornströndum. Það er og í munnmælum, að þá hafi þar að eins verið ein ær, svartkollótt.

Í landnáms tíð settust margir stórhöfðingjar og ríkir menn að á Hornströndum, t. d. Skjalda-Björn, Þorvaldur faðir Eiríks rauða, Öundur tréfótur o. fl. Geirmundur heljarskinn hafði og, sem kunnugt er, mörg af búum sínum á Hornströndum. Í þá daga hefir það eigi verið svo óálitlegt, að setjast að á þessum útkjálka, því hlunnindin hafa verið stórkostleg, bæði af trjáreka, hvalrekum, selveiði og öðrum veiðiskap, og hefir þetta allt í þá daga verið svo margfalt meira en nú á seinni öldum. Í Barðarstrandarsýslu, og víða annarsstaðar á Vestfjörðum, eru miklir skógar í dalabotnunum, en á Ströndum sést hvergi hrísla, enda hafa þar líklega aldrei verið skógar, síðan land byggðist; votviðrin, hafviðrin og kuldinn hefir staðið öllum trjávexti fyrir þrifum.“

## Merkilegar áletranir koma í ljós á Bakaríinu á Þingeyri

Bakaríið á Þingeyri gengur nú í endurnýjun lífdaganna eins og mörg önnur forn hús á Þingeyri síðustu ár. Bakaríið, sem reist var árið 1906, á sér mjög merkilega sögu sem að hluta til má lesa um í Bókunum að vestan. Sá sem reisti húsið mun hafa verið Snæbjörn bakarameistari og er lítið um hann vitað. Þar gerðu garðinn frægan Steinn bakari og kona hans Jóhanna. Þá sonur þeirra Höskuldur og hans kona Hulda. Og svo fleiri og fleiri á eftir þeim.

Þetta fallega hús, Bakaríið á Þingeyri, er auðvitað alfriðað. Undanfarið hafa Sigmundur F. Þórðarson

húsasmíðameistari og menn hans unnið að lagfæringum á því. Svo var það, þegar þeir voru að taka bárujárnið utan af framhliðinni, að í ljós komu stórmærkilegar áletranir eða merkingar. Þær hljóða svona:

*Bakarí Café & Konditori*



Ekki vitum vér hvort þessar áhugaverðu auglýsingar eru frá 1906, en líklegt verður það að teljast. Þetta hefur þá sennilega verið eitt af fyrstu konditoríum á landinu. Er það í stíl við annað á Þingeyri um 1900: Þar var þá starfandi ein fyrsta Bigband hljómsveit á landinu og íþróttamenn í Höfrungrí stunduðu áhaldafimleika af miklum móð. Slíkt þekktist varla annarsstaðar á Íslandi þá. Svona má lengi telja.

*H. S.*



*Þeir hafa greinilega kunnað til verka í kynningarmálum á Þingeyri í þá daga. Ljós. H. S.*

## Nýjustu bækurnar að vestan



Elís Kjaran:

## Glettur við skattstjórnann

Elís Kjaran Friðfinnsson frá Kjaransstöðum í Dýrafirði er mörgum minnisstæður persónuleiki. Hann var kunnur sem brautryðjandi í torsótttri vegagerð á Vestfjörðum. En hann var einnig þekktur sem vísnaðsmiður og marga gladdi hann með því að láta standa í hljóðstafnum. Vestfirski forlagið gaf út vísnaðsafn hans, sem hann nefndi Nokkur kvæði og kitlandi vísur að vestan, árið 2002. Löngu uppseld. Birtum nú sýnishorn af kveðskap Kjaransstaðabóndans. Þar er hann að glettast við núverandi lögreglustjóra í Rvk. sem þá var skattstjóri á Ísafirði.

„Ég átti víst ekkert viðeigandi eyðublað undir mitt virðulega vsk. númer en virðisaukann verða menn að greiða hvað sem tautar og raular. Þess vegna sagði ég bara:

*Áður gaf ég undir fót  
Aðlaðandi ungrí snót.  
Átti vísa unaðsblossa  
Eða jafnvel létta kossa.*

*Allt er nú á afturför  
engin kona vökur.  
Ef ég opna kjaftaknör  
klúrar myndast stökur.*

*Úr því bæta vil ég víst  
og vera á léttum nótum.  
Ef að skellur af því hlýst  
Ég mun svara snótum.*

*Vottorð mitt ég glaður gef  
í glötun hreint ég stefni.  
Enga vinnu heillin hef  
Hér er ljótt í efni.*

*Ég óska bæði árs og friðar  
ætla að reyna að vera góður.  
Númer legg ég inn til yðar  
svo ekki skaðist ríkissjóður.*

Ekki get ég stillt mig um að setja hér á blað hverju skattstjórninn svaraði:

*Skattstjórninn svarar:*

*Ég þakka bréf þitt gjaldandi góður  
þótti skondinn yðar óður,  
beiðnina til greina tek  
og númerið af skrání rek.*

*Ég vona að þú vinnu fáir  
við þann gjörning fært þér sjáir,  
að tilkynna um rekstur nýjan  
svo milli okkar haldist hlýjan.*

*Með kveðju.  
Sigríður Guðjónsdóttir  
Skattstjóri Vestfjarðaumdæmis.*

Gamla myndin:

## Gróðursett, grisjað og girt

Myndin sem hér birtist, var tekin í skógarreitnum á Brekku í Brekkudal í Dýrafirði 26. sept. 1986. Þá höfðu eldri nemendur og kennarar Barna- og unglingaskólans á Þingeyri fengið leyfi frá

hefðbundnum skólastörfum í eina þrjá daga. Verkefnið þessa daga var að gera skógarreitnum til góða. Kaupfélag Dýrfirðinga gaf efni í nýja girðingu, en sú gamla var ónýtt. Svo var gróðursett og grisjað. Hulda Sigmundsdóttir, kennari og fréttaritari Morgunblaðsins skrifaði stóra grein í blaðið um þetta skemmtilega verkefni. Og nú er bara að

þekkja sjálfan sig og aðra á myndinni. Ljósmyndina tók Hallgrímur Sveinsson, þáverandi skólastjóri, á nýja myndavél sem honum hafði áskotnast frá Japan. Hún skilaði dagsetningu á hverja mynd eins og sjá má.

Þess skal getið, að það var Ungmennafélagið Vorboði sem hóf gróðursetningu í reitnum um 1950.

H. S.

## “Suma vantar alltaf allt”

“Suma vantar alltaf allt, en aðra skortir aldrei neitt, en samt eru þeir jafnilla staddir. Það er eins og sumir menn séu jafnfátækir hvað mikla peninga sem þeir eiga.”

Svo sagði Steinn Steinarr í viðtali við Matthías Johannessen í M Samtöl V, en í því verki má segja að sé nokkurs konar Íslandssaga í hnotskurn á 19. og 20. öld. Hér hittir skáldið naglann á höfuðið sem oft og er mikið íhugunarefni fyrir þjóð sem veit ekki sitt rjúkandi ráð, en vantar alltaf allt sama hvað hún eignast mikið. Í umræddu verki Matthíasar, sem allir ættu að lesa, er samankomin í fimm bókum þjóðarsálin sjálf. Þar ræðir hann við fólk sem kynntist baráttunni við allsleysið vel. Einnig marga sem fæddust með silfurskeið í munni. Í einu orði sagt stórkostleg samtöl.

